

Aðalfundur Fjarskipta hf.

Aðalfundur Fjarskipta hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 16:00, í aðalstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2017.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem kunna að berast.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2018.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin frá því tímamarki í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 8. mars 2018.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Sérstök tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins. Skal senda framboðstilkynningu á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is eigi síðar en þremur vikum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16 þann 1. mars nk. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en samhliða endanlegu fundarboði tveimur vikum fyrir aðalfund. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 17. mars 2018. Framboð skulu berast á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 17. mars 2018 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Fjarskipta hf.

